

Elías Valdimar Ágústsson (1932-2013), verslunarmaður, Akureyri

Afhending 2012/42

Elías fæddist 17.nóvember 1932 í Bolungarvík og flutti 7 ára gamall til Ísafjarðar.

Þegar hann var 15 ára gamall flutti fjölskyldan til Akureyrar og fljótlega byrjaði Elías að vinna í útibúum KEA við Hamarstíg og í Glerárþorpi.

Um 1953 hélt Elías erlendis til náms, bæði í Aarhus og New York en snéri aftur til Ísland um 1956.

Hann vann ýmis störf, s.s. verslunarstjóri hjá Silla og Valda á Laugavegi 82, bústörf í Æðey og aðstoðarmaður veðurfræðinga á Veðurstofu Íslands á Keflavíkurflugvelli. Hann reyndi við búðarrekstur bæði á Seyðisfirði og í Reykjavík áður en hann og eiginkona hans, Regína, fóru erlendis, fyrst til Parísar en svo til Algeirsborgar þar sem þau hjónin störfuðu bæði hjá bandarískri hjálparstofnun. Þau fluttu svo aftur á Seyðisfjörð þar sem Elías fékk vinnu hjá útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, þaðan fóru þau suður til Reykjavíkur 1965 þar sem Elías vann áfram fyrir Útvegsbankann og síðar SÍS.

Þegar það kom kreppa á Íslandi fóru þau til Ástralíu þar sem þau héldu til í kömmúnu. Þaðan fluttu þau til Texas, þar sem Elías vann á búgarði. Svo fluttu þau aftur til Reykjavíkur og fær Elías vinnu hjá Loftleiðum. Vegna sameiningar flugfélaganna missti hann vinnuna þar. Árið 1975 fóru hjónin bæði á grásleppu á Langanesi. Þau fluttu á Kópasker 1976 þar sem þau máttu ekki halda hund í Reykjavík. Þar bjuggu þau í tvö ár en fluttu aftur til Reykjavíkur þar starfaði Elías sem vörubílstjóri bæði hjá Þrótti og síðar Skeljungi. Hann fékk hjartaáfall 1996 og náði aldrei heilsunni að fullu eftir það.

Skjölín bárust með pósti frá Reykjavík. Þetta er eina afhendingin sem hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

24. janúar 2025

Þuríður Jóna Steinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2012 / 42

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Elías Valdimar Ágústsson

A-Elías Valdimar Ágústsson

1950 - 1955

A	1	1	1950 - 1953	Myndir úr útibúum KEA og starfsfólki, Elías V. Ágústsson á mörgum þeirra. Mynd merkt: Garðar söngvari.
A	1	2	1950 - 1955	Myndir úr útibúum KEA og starfsfólki, Elías V. Ágústsson á mörgum þeirra. Nöfn á myndum: Gunnar Skarphéðinsson, Olga Ágústsdóttir (Kaupangi), Garðar Loftsson, Guðbjörg Pálmadóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, ? Tómasdóttir, Gógó? Myndir af Örnun Hjörleifsdóttur, fegurðardrottningu 1955.
A	1	3	1951 - 1951	Tvær myndir frá Elíasi. Hann var sendur af KEA til Englands á kaupfélagmót, mögulega coop.